

Nd.

775. Nefndarálit

[277. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. málsg. 1. gr. laganna orðist þannig:

Grímsneshreppi er heimilt að selja jörðina Sigurjóni Ólafssyni ábúanda á Stóru-Borg, en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignamatsverði, nema þeir hafni kaupum.

Benedikt Gröndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. apríl 1974.

Stefán Valgeirsson,
form.

Eðvarð Sigurðsson,
fundaskr.

Ágúst Þorvaldsson,
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.

Hannibal Valdimarsson.

Pálmi Jónsson.